




Landshlutateymi Suðurlands

Lokaskýrsla verkefnastjóra



Sambætt þjónusta án hindrana

Frá grun til greiningar

Frá þörf til þjónustu

Frá fræðslu til færni

Desember 2021

Kristín Björk Jóhannsdóttir

Sigíður Oddný Guðjónsdóttir

Landshlutateymi Suðurlands

Efnisyfirlit

1. Tilurð landshlutateymis	4
Þátttakendur	4
Skilgreining á landshlutateymi Suðurlands	4
Framkvæmd og verklag samstarfsins	5
Markmið og áherslur	6
Tímalína verkefnisins	7
Yfirlit funda	8
Yfirlit fræðslufunda	11
2. Fagleg umgjörð	12
Fimm þrepa líkan um heiltæka nálgun	13
Leið til að hreyfa við hugmyndakerfum	13
Sameiginleg sýn	14
Forsendur breytingar	15
Lagaleg umgjörð	16
Sýn á fötlun	17
3. Verklag frá markmiðum til lykilverkefna	18
Forgangsmál	18
Verkefnavörður	20
Lykilverkefni	22
Verkátun	24
Innleiðing lykilverkefna	24
Lykilverkefni sett í samhengi við stigskipta farsældarþjónusta	26
Beiðnablað	28
Prófmál og verklag	29
4. Afrakstur	31
Sýn fagteyma	32
5. Niðurstöður	37
6. Heimildaskrá	39

1. Tilurð landshlutateymis

Í lið G.3. í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 er kveðið á um að þjónusta við fötluð börn með sértækar þarfir verði veitt í nærumhverfi þeirra. Í lok árs 2018 var undirritað samkomulag milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR) og Velferðarráðuneytisins (nú Félagsmálaráðuneyti) um að GRR tæki að sér að skilgreina hlutverk landshlutateyma í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla samþætta þjónustu við fötluð börn í heimabyggð þeirra. Um var að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára.

Þátttakendur

Á vormánuðum 2020 var undirritaður samstarfssamningur um mótun Landshlutateymis á Suðurlandi. Aðilar að samningnum (mynd 1) voru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR), Fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, Velferðar-

og skólaþjónusta Árnesþings og Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu).



Skilgreining á landshlutateymi Suðurlands

Landshlutateymið byggir á þverfaglegu samstarfi þar sem fulltrúar félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu frá hverju svæði mynda samstarfsteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn með sértækar þarfir og fjölskyldur þeirra. Tilgangur teymisins var einnig að auka samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, Heilsugæslu Suðurlands og þjónustuaðila í heimabyggð. Verkefni teymisins snýr að greiningarferli barna, eftirfylgd, íhlutunarleiðum, ráðgjöf og skipulag fræðslu og að stuðla að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu í heimabyggð.


Mynd 1: Þátttakendur í landshlutateymi Suðurlands

Framkvæmd og verklag samstarfsins

Tveir verkefnastjórar voru ráðnir til að stýra verkefninu, annar staðsettur á GRR og hinn á Suðurlandi. Hlutverk verkefnastjóra var að hafa yfirumsjón með og styðja við framgang verkefnisins. Skipað var þverfaglegt teymi með tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi þ.e. einn frá fræðsluskrifstofu og annar frá félagsþjónustu hvers sveitarfélags. Frá GRR voru tilnefndir fyrir utan verkefnastjóra, þrír fulltrúar frá GRR, einn frá hverju fagsviði stöðvarinnar. Frá HSu var tilnefndur einn fulltrúi (mynd 2). Fulltrúateymið fundaði á 6-8 vikna fresti og hafði það hlutverk að rýna í kerfið, greina hindranir og innleiða lykilverkefni í takt við markmið landshlutateymisins. Fulltrúar frá hverju þjónustusvæði og stofnunum mynduðu síðan með sér fagteymi. Hlutverk fagteyma var að miðla áherslum þróunarverkefnisins inn á sinn starfsvettvang. Leiðsögn var veitt í einstaklingsmálum til fulltrúa í stuðningsteymum frá leik- og grunnskólum, skóla- og félagsþjónustu og stofnunum sem tengdust málefni barnsins og fjölskyldunnar (mynd 3).



Mynd 2: Samsetning fulltrúateymis



Mynd 3: Hlutverk og ábyrgð verkefnastjóra og fagteyma

Fulltrúa- og fagteymisfundir fóru nánast að öllu leyti fram gegnum fjarfundarforritið TEAMS með örfáum undantekningum í upphafi verkefnisins. Fyrsti fundur fulltrúateymisins var haldin í júní 2020 á Selfossi og í ágúst sama ár náðist að halda staðfundi með fulltrúum fagteyma í Árborg, Árnesþingi, Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu og fulltrúum GRR. Allir fundir með fulltrúa HSu fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Markmið og áherslur

Tilgangur með stofnun landshlutateymis var að auka samvinnu og samráð á milli GRR og þjónustuaðila í heimbyggð. Markmiði var að stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og styðja þannig við sérhæfða þekkingaruppbyggingu á svæðinu. Markmiðin snúa að bættri samvinnu og samráði við greiningu og íhlutun, að efla og samþætta eftirfylgd og þjónustu og stytta biðtíma. Einnig að þróa fræðslu og ráðgjöf um fatlanir og íhlutunarleiðir (mynd 4).



Mynd 4: Markmið og áherslur landshlutateymis

Tímalína verkefnisins

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að fulltrúafundir yrðu nýttir til að móta sameiginlega sýn og skilning á verkefninu. Í kjölfarið myndu fagteymin rýna inn á við og greina kerfið á hverju þjónustusvæði og stofnun fyrir sig með því greina hindranir og það sem vel er gert. Í framhaldi tæki við vinna við að móta verklag sem yrði prófað á vettvangi, vinnulagið svo endurmetið. Að lokum yrði lagt mat á verkefnið og unnin lokaskýrsla ásamt því að skipuleggja og útfæra framhald samstarfsins (mynd 5). Í júní 2021 voru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna samþykkt en verkefnastjórar höfðu haft frumvarp þeirra laga sem eitt af leiðarljósum þróunarvinnunnar. Í kjölfarið var óskað eftir að verkefninu yrði framlengt til 31. desember 2021 svo hægt yrði að setja meiri tíma í innleiðingavinnu verklags hjá þátttakendum í landshlutateyminu. Skil á lokaskýrslu færðist því einnig til loka desembermánaðar 2021.



Mynd 5: Tímalína verkefnisins

Landshlutateymi Suðurlands

Yfirlit funda

Verkefnastjórar funduðu jafnt og þétt með öllum fulltrúum fagteyma og þess á milli með hverju fagteymi. Á töflu 1 má sjá yfirlit funda frá júní 2020 – nóvember 2021.

Tafla 1: Yfirlit funda

Tímabil	Fulltrúafundur	Fagfundir GRR	Fagfundir Árborg	Fagfundir Árnesþing	Fagfundir RVS	Fagfundir HSU
júní 2020	9.júní					
ágúst 2020		31.ágúst	26.ágúst	25. ágúst	27. ágúst	
september 2020	25.september					15.september
október 2020		27.október	23.október	23.október	23.október	26.október
desember 2020	7.desember					
janúar 2021		25.janúar	22.janúar	25.janúar	22.janúar	25.janúar
mars 2021	1.mars					
apríl 2021		12.apríl	12. apríl	12. apríl	19. apríl	16.apríl
maí 2021	17.maí					
september 2021		8.september	6.september 10.september 22.september 29.september	6.september	13.september	13.september
október 2021			13.október	1.október 22.október	5.október	
nóvember 2021	19.nóvember	15.nóvember 23.nóvember	16.nóvember 22.nóvember 30.nóvember	19.nóvember	2.nóvember	

Samráð við aðra þjónustuveitendur

Verkefnastjórar óskuðu eftir fundi með fulltrúa frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 24. ágúst 2020. Markmið fundarins var að fá betri innsýn og skilning á því hvernig niðurstöður SIS-C matskerfisins (Supports Intensity Scale Children's Version, á íslensku Mat á stuðningsþörf barna) væru nýttar til að útdeila fjármagni til grunnskóla. Hrafnkell Hjörleifsson sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði tók að sér að kynna reiknireglur og fjárhæðir flokka.

Í október 2020 var leitað eftir því að verkefnastjórar landshlutateymis myndu ræða saman um mögulegt samstarf við stýrihóp verkefnis á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga (Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðarbæjar, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar). Verkefnastjórar áttu sex fundi á tímabilinu október 2020 – júní 2021 með Maríu Rúnarsdóttur, félagsráðgjafa og starfsmanni stýrihópsins. Verkefnið Heildræn þjónusta við fatlað fólk (börn og fullorðna) með miklar stuðningsþarfir og fjölskyldur þeirra hafði marga snertifleti og samtal og upplýsingamiðlun var gagnleg en nálgun vinnunnar var ólík.

Í janúar óskuðu verkefnastjórar eftir fundi með fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins með eftirfarandi tölvupósti:

Við erum verkefnastjórar þróunarverkefnis um landshlutateymi sem starfar í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021. Markmið landshlutateymis er að auka þekkingu og stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn með sértækar þarfir og fjölskyldur þeirra í heimabyggð. Í vinnu landshlutateymis hefur komið í ljós hversu mikið umönnunarmatið er að hafa áhrif á aðgengi að þjónustu. Við viljum skilja betur eðli og forsendur umönnunarmats og fötlunarflokkananna til að styðja betur við markmið þróunarverkefnisins. Í því ljósi væri gagnlegt að fá upplýsingar frá sérfræðingi á sviðinu um umönnunarmat og tengsl þess við fötlunarflokka.

Hafdís Björg Kjartansdóttir, sérfræðingur hjá TR tók vel í beiðni um samtal sem fór fram í gegnum TEAMS þann 21. janúar 2021. Helstu niðurstöður fundarins voru settar niður í eftirfarandi fundargerð.

Umönnunamat og fötlunarflokkar:

- **Öflun upplýsinga frá félagsþjónustu:** TR ber skylda að kalla eftir greinargerð frá félagsþjónustu þegar barn hefur fötlunargreiningu. Hins vegar er ekki til samræmdur listi um það hvað telst til fötlunar. Ekki hlutverk TR að raða eða stjórna aðgengi að þjónustu. Hlutverk TR að kalla eftir upplýsingum um víðtækari þjónustu. Fram kom að TR telur það varhugavert að tengja aðgengi að þjónustu við umönnunarflokka.
- **Móttaka upplýsinga:** Fram kom að því ítarlegri gögn til TR því betra. Rætt var um það hvort til stæði að endurskoða fyrir hvaða hópa væri kallað eftir gögnum hjá félagsþjónustu. Fram koma að slík umræða hefur farið fram og líklega má vænta einhverra breytinga. Nefndi í þessu samhengi áfangaskýrslu vinnuhóps sem horfði til þess að stýra matinu frá læknisfræðilegum greiningum yfir í að meta umönnunar og stuðningsþörf barnsins. Skýrt kom fram að TR tekur á móti öllum gögnum og telur það grundvöll fyrir faglegu og réttlátu mati á umönnunarpunga. Á það við um þau mál sem falla ekki undir fötlunargreiningu þar sem frumkvæðið kemur frá TR. Sveitarfélög geta því tekið

Landshlutateymi Suðurlands

frumkvæðið ef þau meta svo að þörf sé á að endurskoða röðun í umönnunarflokka út frá þyngd og eðli máls.

- **Einhverfugreining:** Vænta má breytinga 2022 þegar hætt verður að flokka einhverfugreiningu eins og gert er í dag. Þá verður talað um Einhverfu en undirskilgreining á því hver skerðingin er. Fram kom að veruleg fjölgun hefur orðið á greiningum á einhverfu eða um 40% á síðustu 10 árum.
- **Samantekt:** Þverfaglegt þjónustuteymi barns getur haft frumkvæði að því að senda greinargerð um stuðningsþörf til TR ef talin er þörf á endurskoðun. Á það líka við um börn sem TR hefur ekki frumkvæði að því að kalla eftir gögnum. Framtíðarsýnin þegar vinna á stuðningsáætlun á 2. stigi þjónustu styður þetta verklag.
- **Vangaveltur:** Er verið að sækja um endurmat til GRR til að tryggja aðgengi að þjónustu sem skilgreind er út frá læknisfræðilegum greiningum í stað stuðningsþarfa? Aðgengi að þjónustu í takt við metnar stuðningsþarfir.

Í janúar óskuðu verkefnastjórar í landshlutateymi Suðurlands eftir fundi með fulltrúa frá réttindagæslu fyrir fatlað fólk um verklag og hugmyndafræði. Beiðnin var ítrekuð í nokkur skipti og nú síðast í ágúst án viðbragða.

Í tengslum við undirbúning Vorráðsstefnu GRR hafði Anna Tryggvadóttir lögfræðingur hjá félagsmálaráðuneytingu samband við verkefnastjóra og óskaði eftir samráðsfundi til að samræma málflytning gagnvart lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í kynningum okkar á ráðstefnunni. Fundað var 23. apríl í gegnum TEAMS.

Yfirlit fræðslufunda

Tafla 2: Yfirlit fræðslufunda

Tími	Á vegum
1.des 2020	Kynning á mati á stuðningsþörf fyrir stoðþjónustu Sunnulækjarskóla
8.des 2020	Kynning á mati á stuðningsþörf fyrir stoðþjónustu Vallaskóla
9.des 2020	Kynning á mati á stuðningsþörf fyrir stoðþjónustu Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri
27.janúar 2021	Kynning fyrir Skólastjórnendur í Árnesþingi: Tenging niðurstaðna SIS – C mats við gerð þverfaglegra þjónustuáætlana og við val á áherslum í einstaklingsnámskrá
4.febrúar 2021	Kynning fyrir Skólastjórnendur í RVS: Tenging niðurstaðna SIS – C mats við gerð þverfaglegra þjónustuáætlana og við val á áherslum í einstaklingsnámskrá
16.febrúar 2021	Kynning á lykilverkefni 3 fyrir fjölskyldusvið Árborgar og forstöðumenn: Kynning á SIS –C mati á stuðningsþörf sem vegvísir við gerð þverfaglegra þjónustuáætlana.
3.mars 2021	Kynning fyrir leikskólastjóra í Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu á lykilverkefnum landshlutateymis.
3.mars 2021	Kynning fyrir skólastjórnendur í Árnesþingi á lykilverkefnum landshlutateymis.
25. mars 2021	Kynning í námskeiðinu Leiðsögn og samvinna við HÍ um fjölskyldumiðaða nálgun í þverfaglun þjónustuteymum.
13.apríl	Kynning fyrir landshlutateymi Suðurnesja á gerð stuðningsáætlana.
14. apríl 2021	Kynning á vegum Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir starfsfólk skóla- og félagsþjónustu.
29.apríl 2021	Kynning á vörðsstefnu GRR: Landshlutasamstarf – nýtt vinnulag.
3.maí 2021	Kynning á nefndarfundi um starfsþróun kennara um afrakstur landshlutateymisverkefnisins með tilliti til starfsþróunar.
17.maí	Kynning fyrir stjórnendur og stoðþjónustu í Grunnskólanum á Hellu á því hvernig lesið er í niðurstöður SIS – C matsins
26. maí 2021	Kynning á vinnu landshlutateymis fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.
6.október 2021	Kynning fyrir starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings: Aðgengi að samþættri þjónustu án hindrana í kjölfar gildistöku laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 1. janúar 2022.
26. október 2021	Kynning á húsfundi fjölskyldusviðs Árborgar, fyrir stjórnendur í leikskólum og grunnskólum ásamt stjórnendum frístundaheimila: Samþætt þjónusta án hindrana. Ný lög um samþættingu í þágu farsældar barna.
3.nóv 2021	Kynning fyrir skólastjórnendur í RVS: Samþætt þjónusta án hindrana. Ný lög um samþættingu í þágu farsældar barna.
9.nóvember 2021	Kynning fyrir sérkennslustjóra í Árborg
10.nóvember 2021	Kynning fyrir deildarstjóra stoðþjónustu í Árborg
24.nóvember 2021	Málstofa samband sunnlenskra sveitarfélaga: Hvernig horfir þetta við sunnlensku samfélagi? Samþætt þjónusta án hindrana.
2.des 2021	Kynning fyrir skólastjórnendur og stoðþjónustu grunnskóla í RVS: Samþætt þjónusta án hindrana. Hlutverk málstjóra og tengiliða.
7.desember 2021	Kynning fyrir leikskólastjórnendur og stoðþjónustu leikskóla í Árnesþingi: Samþætt þjónusta án hindrana. Hlutverk málstjóra og tengiliða.
8.des	Kynning fyrir leikskólastjórnendur og stoðþjónustu leikskóla í RVS: Samþætt þjónusta án hindrana. Hlutverk málstjóra og tengiliða.

2. Fagleg umgjörð


Fagleg umgjörð Landshlutateymis Suðurlands tekur mið af líkani um heiltæka nálgun til umbóta frá þeim Cowan, Joyner og Beckwith. Líkanið er sett fram með myndrænum hætti í teningi til að skerpa á mikilvægi marghliða nálgunar í umbótastarfi (mynd 6). Líkanið fellur vel að markmiðum um landshlutateymi Suðurlands, þar sem hugmyndagrunnur þess byggir á því að skapa samræðugrunn á milli ólíkra þjónustueininga, í þessu tilviki félags-, skóla-, frístunda- og heilbrigðisþjónustu. Víddirnar þrjár í líkaninu styðja vel við þverfaglega nálgun landshlutateymis og leiðir starf þess í gegnum ferlið með eftirfarandi spurningum: Hver tekur þátt? Hvað á að þróa? Hvernig á að vinna? Umbætur í átt að heiltækri nálgun, þar sem áhersla er lögð á að styrkja hæfni heildarinnar, hafa sannað gildi sitt sem árangursrík leið til að ná fram samfelldri gæðaþjónustu (Cowan, Joyner, Beckwith, 2012).



Mynd 6: Heiltæk nálgun til umbóta

Fimm þrepa líkan um heiltæka nálgun

Við mótun verklags landshlutateymis við sjálft umbótastarfið var til viðbótar við teningslíkanið stuðst við fimm þrepa líkan um heiltæka nálgun til að varða leiðina. Fimm þrepa líkanið, sem byggir einnig á hugmyndum Cowan, Joyner og Beckwith, felur í sér fimm aðgerðaskref sem leiðir umbótastarfið (mynd 7). Fyrsta skrefið snýr að því að skilja kerfisumbætur, annað skrefið að greina kerfið, þriðja skrefið að skipuleggja aðgerðir, fjórða skrefið að móta framkvæmd og eftirfylgd og fimmta skrefið beinist að mati og viðbrögðum við niðurstöðum (Cowan ofl., 2012).




Mynd 7: Fimm þrepa líkan um heiltæka nálgun til umbóta

Leið til að hreyfa við hugmyndakerfum

Landshlutateymi Suðurlands byggði starf sitt á líkani Senge, 2018 (mynd 8) um nauðsyn þess að kafa á dýptina sem leið til að skilja og útskýra raunveruleikann. Tilgangurinn var að rýna í starfshætti og greina þær kerfishindranir sem viðhalda rótgrónu verklagi og koma í veg fyrir að breytingar í anda nýrra hugmynda nái fótfestu. Hugmyndakerfin liggja djúpt í skynjun okkar og því reynist flókið að umbylta þeim. Senge, 2008 dregur fram í líkani sínu að forsenda þess að hreyfa við og stuðla að breytingum sé að ígrunda eigin hugmyndakerfi. Dýptin í samræðunni skiptir þar öllu máli til að hægt sé að draga lærdóm af reynslunni. Með því er hægt að greina orðræðuna og hugmyndakerfin sem móta starfshætti

og viðhalda rótgrónum viðbrögðum við vanda og um leið að skilja eðli nýrra hugmynda og móta nýja nálgun og sameiginlega sýn út frá gildandi straumum, stefnum og mannréttindasjónarmiðum.



Mynd 8: Leið til að útskýra raunveruleikann

Sameiginleg sýn


Hugtakið sameiginleg sýn dregur fram að samstarfsteymi hafi komið sér saman um sameiginlegan skilning og túlkun á þeirri stefnu sem vísa á veginn í umbótastarfi. Samkomulag um að setja á stofn landshlutateymi með metnaðarfullum markmiðum er góður grunnur í umbótastarfi. En það er ekki gefið að þeir sem að verkefninu koma hafi sameiginlega sýn hvað varðar faglegar áherslur án þess að það fari fram ígrundandi samræða sem hreyfir við hugmyndakerfum á dýptina og kalli fram nýja hugsun og sýn (Senge, 1990). Sameiginleg sýn verður til úr sameiginlegum gildum og viðhorfum með ígrundandi samræðu og gerir kröfur til þess að hver og einn rýni í sín innri gildi í samspili við ytri veruleika. Sameiginleg sýn er komin frá öllum meðlimum stofnunar en ekki einum eða örfáum í umboði annarra. Sameiginleg sýn er markmið sem allir stefna að og nýta til að skapa sameiginlegan áhuga og grundvöll í starfi (Senge, 1990). Framsetningin á mynd 9 byggir á hugmynd Peter Senge's frá árinu 1993 um viðmót gagnvart sameiginlegri sýn. Dregið er fram hvaða forsendur þurfa að vera til staðar hvað varðar samstarfsvilja (Radcliffe, 2012). Hægri höndin á myndinni sýnir þau þrep sem leiðtogi getur mætt í starfsmannateymi í þeirri vegferð að móta sameiginlega sýn. Sameiginleg sýn felur í sér hæsta stig skuldbindingar í að standa saman að því að búa til framtíðina sem við viljum sjá verða.



Mynd 9: Forsenda að til verði sameiginleg sýn er skuldbinding til þátttöku

Forsendur breytingar

Starf landshlutateymis grundvallaðist á því að fulltrúar þjónustukerfanna á Suðurlandi ræddu sín gildi og viðhorf til markmiða verkefnisins. Með slíkri samræðu var leitast við að móta sameiginlega sýn fulltrúa landshlutateymis á lykilverkefnunum. Jafnframt var horft til þess að tengja umræðuna við færni, innri og ytri hvatningu, viðeigandi björgum og áætlanagerð. Nauðsynlegt er að hlú að þessum þáttum með viðeigandi leiðum því eins og birtist skýrt í hugmyndum Robinson, 2015 á mynd 10 þá dregur það úr árangri breytingarferlis ef eitthvað af þessum þáttum er ekki til staðar.



Mynd 40: Ef skortir sameiginlega sýn þá veldur það ringulreið í þróunarstarfi

Landshlutateymi Suðurlands

Fulltrúafundirnir voru nýttir til samtals sem snéri að því að finna leiðir til að auka samráð á milli þjónustukerfa og möguleika til að draga úr hindrunum sem fulltrúar í landshlutateyminu upplifa að fötluð börn og foreldra verði fyrir þegar kerfin ná ekki að vinna nægilega þétt saman. Í þeim tilgangi var rýnt í gildandi lög og reglugerðir sem snúa að þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra hvað varðar menntun, skólaþjónustu, frístundaþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Jafnframt var horft til hugmynda og áherslna í frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Lagaleg umgjörð

Lagaleg umgjörð verkefnisins er margþætt eins og sjá má á mynd 11. Auk þess var tekið mið af þeirri framtíðarsýn sem birtist í frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru sem lög á þróunartímabilinu og taka eiga gildi 1. janúar 2022. Þar er talað um stigskipta þjónustu sem styður við snemmtæka íhlutun og þverfaglegt samráð þjónustukerfa. En núgildandi lög um félagsþjónustu leggja áherslu á almennt aðgengi að stuðningsþjónustu. Börnin sem við erum að horfa til í þessu verkefni njóta réttinda sem falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hafa fengið formlega greiningu frá GRR eða öðrum þriðja stigs stofnunum.

Lagaleg umgjörð

<i>Samþætt þjónusta án hindrana fyrir fötluð börn og fjölskyldur</i>		
<i>Félagsþjónusta</i>		
<i>Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum nr. 37/2018</i>		
		<i>Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018</i>
		<i>Barnaverndarlög nr. 80/2002 með síðari breytingum</i>
<i>Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna</i>		
<i>10. gr. Fyrsta stig þjónustu.</i>	<i>11. gr. Annað stig þjónustu.</i>	<i>12. gr. Þriðja stig þjónustu.</i>
<ul style="list-style-type: none">• Tengiliður• Snemmtækur og samþættur stuðningur	<ul style="list-style-type: none">• Málstjóri• Markvissari stuðningur• Stuðningsteymi• Stuðningsáætlun	<ul style="list-style-type: none">• Málstjóri• Sérhæfðari stuðningur• Stuðningsteymi• Stuðningsáætlun
<i>Skólaþjónusta</i>		
<i>Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019</i>		
<i>Lög um leik – grunn- og framhaldsskóla nr. 90/2018, 91/2018 og 92/2018</i>		
<i>Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunn- og framhaldsskólum nr. 585/2010 og nr. 230/2012</i>		
<i>Heilbrigðisþjónusta</i>		
<i>Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007</i>		
		<i>Lög um Greiningar – og ráðgjafarastöð ríkisins nr.83/2003</i>


Verkefnastjórn: Kristín Björk Jóhannsdóttir og Sigríður O. Guðjónsdóttir, 2021.

Mynd 11: Lagaleg umgjörð

Framtíðarsýnin er að samþætt þjónusta verði aðgengileg fyrr í ferlinu sem liður í snemmtækri íhlutun með stigskiptri farsældarþjónustu. Veruleg þörf er á að skerpa á ábyrgð og hlutverkum á milli fulltrúa leik- og grunnskóla og félagsþjónustu út frá gildandi regluverki og í samspili við ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Sýn á fötlun

Í vinnu landshlutateymis var horft til lykilhugtaka í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sáttmálinn dregur fram mikilvægi þess að viðurkenna ólíkar þarfir og þörfina fyrir einstaklingsbundnar stuðningsaðgerðir (Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Viðeigandi aðlögun er mikilvægt hugtak til að skapa jöfnuð og er mótað út frá félagslegum tengslaskilningi á fötlun og felur í sér að breyta kröfum samfélagsins og styrkja forsendur einstaklingsins (mynd 12). Þegar samfélagið mætir ekki þörfum fatlaðs fólks með viðeigandi stuðningi þá verður röskun á þessu samspili, krafna og hæfni sem veldur því að athyglin beinist öll að skerðingunni og einstaklingurinn upplifir hindrun (Rannveig Traustadóttir, 2006; Goodley, 2011).



Mynd 12: Sýn á fötlun


Hlutverk fulltrúa landshlutateymis var að rýna í starfshætti og hreyfa við hugmyndum um þjónustu og stuðning við fötluð börn. Í því samhengi var horft til þeirrar tregðu sem stefnan um skóla án aðgreiningar (European Agency for Special Needs and Inclusive Education, 2017) hefur mætt í íslensku skólasamfélagi en skýringin á því má rekja til rótgróinna hugmyndakerfa samfélagsins sem byggja á læknisfræðilegri sýn gagnvart mannlegum fjölbreytileika (Gestur Guðmundsson, 2008; Hermína Gunnþórsdóttir, 2010).

3. Verklag frá markmiðum til lykilverkefna

Á fyrsta fulltrúafundi landshlutateymisins í júní 2020 var samningurinn kynntur. Væntingar fulltrúa og óskir um hvar þeir teldu að leggja þyrfti línur fyrir samstarfið var skráð á rafrænar Padlet töflur og markmiðum samningsins forgangsraðað.

Forgangsmál

Í framhaldi voru sett fram forgangsmál (mynd 13) út frá markmiðum verkefnisins og sjónarmiðum fulltrúa á því hvað væri mikilvægast að beina vinnu landshlutateymis að. Áhersla landshlutateymis var að finna leiðir til að efla ráðgjöf og fræðslu, draga úr óvissu í greiningarferli, aðgengi að viðeigandi snemmtækum stuðningi, nýta niðurstöður SIS – C mats á stuðningsþörf með markvissum hætti og að styðja við mótun þverfaglegrar samvinnu í stuðningsteymum.



Mynd 13: Forgangsmál landshlutateymis

Landshlutateymi Suðurlands

Á fundum með hverju fagteymi fyrir sig í ágúst 2020 voru forgangsmálin rædd áfram og skilgreind enn frekar út frá efnisatriðum og spurningum sem sjá má í töflu 3.

Tafla 3: Spurningar til ígrundunar fyrir fagteymi

Ígrundunarspurningar
Staðfestingabréf frá GRR um greiningarferli: <ul style="list-style-type: none">• Hvað gerist í framhaldinu í heimabyggð?• Hvað viljum við sjá gerast?• Opnast tækifæri til tengsla við ráðgjafa frá GRR?• Hvað gerist ef tilvísun er vísað frá GRR?• Hvað er búið að gerast á undan?
Skilaskýrslur: <ul style="list-style-type: none">• Hvernig getur orðalag, leiðbeiningar og ákvarðanir í skilaskýrslu stutt við tengsl þjónustukerfa?• Verklag í framhaldi greiningar kortlagt til að tryggja tengsl við öll þjónustukerfi.• Skilafundur og hvað svo?
Þverfagleg þjónustuáætlun (stuðningsáætlun) <ul style="list-style-type: none">• Á hvaða tímapunkti?• Í frumgreiningarferli?• Við fötlunargreiningu?• Við skil leik/grunnskóla/framhalds?• Þörf fyrir þverfaglega þjónustu?• Fyrir hvaða börn? Fötlunargreining? Gráu svæðin? Fjölpættur vandi?
Verklag í kringum SIS - C mat: <ul style="list-style-type: none">• Fjármagn til skóla er háð SIS – C mati á stuðningsþörf• Niðurstöður eru sendar til tengiliða hjá skólaþjónustu eða skólastjóra• Tengiliðir ábyrgir fyrir að koma niðurstöðum til þverfaglegs þjónustuteymis• Niðurstöður nýttar í þverfaglegri þjónustuáætlun• Mikilvægt að koma umsókn um SIS – C mat í ferli• Niðurstöðuhefti er fyrir skóla• Myndrit fyrir foreldra• Er þetta verklag að búa til og styðja við að börn lendi á þessu títt nefnda grúa svæði, falli á milli kerfa með tilheyrandi framtíðarvanda?• Einnig má velta því upp hvort þessi milligreining sem gefur ekki aðgang að stuðningsmati né þjónustu í einhverjum tilfellum stuðli að endurtilvísunum í greiningarferli með tilheyrandi biðlistum og flöskuhálsum í kerfinu.• Tengja SIS – C matið við greiningarferli á GRR hjá þeim börnum sem fara þar í gegn.• Að þriðja stigs greiningarstofnanir gefi upp í niðurstöðum hvort greining gefi aðgang í SIS – C matið.
Fræðsluáætlun: <ul style="list-style-type: none">• Hugmyndir að fræðslu?• Nálgun og leiðir?• Hver er fræðsluþörfin?


Í framhaldi voru sameiginleg stef dregin saman og rædd á fulltrúafundi í september. Samantekt á sameiginlegum áherslum sem komu fram hjá fagteymunum má sjá á mynd 14.



Mynd 54: Samantekt fagteyma á forgangsmálum

Verkefnavörður

Út frá samantekt á forgangsmálum voru settar niður verkefnavörður (mynd 15) sem fulltrúar unnu með í samvinnu við verkefnastjóra. Fulltrúar búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu sem er þýðingarmikill grunnur að þróun verklags í átt að samþættri og samfelldri þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur.



Mynd 15: Verkefnavörður út frá forgangsmálum

Landshlutateymi Suðurlands


Fulltrúar fengu það verkefni að rýna í spurningar í tengslum við **vörður 1 - 5** (sjá töflu 2) út frá eigin reynslu, starfsháttum og verklagi á vinnustað. Fulltrúar áttu að meta hversu mikið þeir gátu lagt af mörkum við hverja spurningu út frá ólíkum hlutverkum. Fulltrúar fengu þau fyrirmæli að skrá svör við spurningunum út frá áherslum á starfsvettvangi og væntingum til umbóta. Fulltrúar voru í gegnum þessa vinnu að ígrunda starfshætti í einstaklingsmálum og hvernig hægt væri að innleiða umbætur.

Tafla 4: Verkefnavörður - spurningar til ígrundunar

Varða 1	Ferli sem fer af stað þegar tilvísun til GRR er samþykkt	→	Hvernig er vinnuferlið frá frumgreiningu til tilvísunar?	→	Hvers vegna endurtilvísun til GRR?	→	Hvað gerist þar til bam kemst að í greiningu?
Varða 2	Niðurstöður greiningar	→	Hversu styðjandi er áætlunin sem sett er fram?	→	Hversu skýrt er ferlið sem tekur við í heimabyggð?	→	Hvernig er tryggt að foreldrar fái tengilið í málafllokki fatlaðs fólks í heimabyggð?
Varða 3	Þverfagleg þjónustuáætlun	→	Á hvaða tímamarki í greiningarferli?	→	Fyrir hvaða börn? Hverskonar greining?	→	Hverjir koma að verkinu?
Varða 4	Á hvaða grunni er tekin ákvörðun um að sækja um SIS – c mat fyrir barn?	→	Hverjir eru kostir og gallar við umsóknarferlið?	→	Hverjir eru kostir og gallar við framkvæmd matsins?	→	Hverjir eru kostir og gallar verklags við að miðla niðurstöðum?
Varða 5	Hver er þörfin fyrir fræðslu til að styðja við þekkingaruppbyggingu á þverfaglegri nálgun í þjónustu?	→	Hver er þörfin fyrir ráðgjöf til að efla leikni í aðferðum og verklagi sem styðja við samfellda og samþætta þjónustu?	→	Hver er þörfin fyrir eftirfylgd á vettvangi til að starfsfólk öðlist hæfni í beitingu á nýju verklagi?	→	Með hvaða hætti væri æskilegt að styðja við starfsþróun málstjóra, teymisstjóra og ráðgjafa í að leiða þverfagleg þjónustuteymi?
Varða 6	Veljið mál sem hefur snertifleti við fulltrúa frá GRR og/eða HSU	→	Rýnið í styrk og veikleika í verklagi með samræðu og ígrundun	→	Endurskoðið starfshætti til að styðja við þverfaglegt samstarf og teymisvinnu	→	Skráið hugleiðingar jafnóðum um hvernig tekst til við að styðja við samþætta og samfellda þjónustu

Lykilverkefni

Vinnan með verkefnavörðurnar leiddu landshlutateymið að þremur lykilverkefnum (mynd 16) sem áhersla var lögð á að koma í framkvæmd á vettvangi með markvissri innleiðingu og eftirfylgd með prófmálum á hverju svæði sem höfðu tengingu við GRR og HSu.



Mynd 16: Lykilverkefni landshlutateymis

Fagteymin fengu það hlutverk að velta upp ýmsum spurningum og vangaveltum í tengslum við lykilverkefni á fagteymisfundum í janúar.

Tafla 5: Spurningar til ígrundunar

Spurningar í tengslum við lykilverkefni
<ul style="list-style-type: none">• Hvaða réttindi gefur greining út frá lagagrundi og regluverki hvers sveitarfélags?• Er aðgangur að þjónustu í takt við stuðningsþörf og ef ekki, hvað hindrar?• Er það regluverk hvers sveitarfélags sem er hindrun eða skilgreining á fötlunargreiningu? Hvernig er upplýsingaskyldu sinnt og aðgengi að þjónustu tryggð?• Er einhver fulltrúi kerfanna með yfirsýn?• Á hvaða tímapunkti á að stofna til teymis og hvernig er verklagið við að fá fulltrúa félagsþjónustu inn í málin?• Hver hefur það hlutverk að tengja kerfin saman?• Hvert er hlutverk fulltrúa GRR í ráðgjöf og eftirfylgd?• Eiga skólastjórar að vera tengiliðir fyrir SIS – C eða ætti skólalþjónustan eða félagsþjónstan á öllum svæðum að vera í því hlutverki?• Hvernig getur teymið unnið í sameignlegu skjali fyrir þjónustuáætlunina?• Er aðgengi allra þjónustukerfa að greiningargögnum og heilsufarsupplýsingum sem skipta máli tryggt?• Hvernig er hægt að þróa þjónustu í takt við stuðningsþörf óháð fötlunargreiningu?

Verkátun

Í framhaldi var sett niður verkátun til að fylgja eftir vinnu í héraði í tengslum við lykilverkefni (sjá töflu 3). Á þessum tímamarki var komið að fagteymunum að tengja vinnuna við sinn starfsvettvang með fræðsluerindum, ígrundunarsamtölum og í tengslum við vinnslu prófmála.

Tafla 6: Verkátun við innleiðingu lykilverkefna


	Verkátun			
Tími	febrúar	mars	apríl	maí
Verkefni	Skipuleggja aðgerðir í kringum lykilverkefni	Framkvæmd og eftirfylgd lykilverkefna	Framkvæmd og eftirfylgd lykilverkefna	Mat og viðbrögð við lykilverkefnum.
Fagteymi	Setja niður áætlun um innleiðingu lykilverkefna	Kynna skipulag og aðgerðir faghópa á fundi landshlutateymis 1.mars Kl. 10.	Stöðufundur fagteyma og verkefnastjóra Vikuna 12. - 16. apríl.	Skila lokaskýrslu um ávinninga, hindranir og áherslur til framtíðar.
	Fylgja lykilverkefnum eftir inn á vettvang.	Opna á umræðu og kynningu á lykilverkefnum	Skapa vettvang til að koma lykilverkefnum í framkvæmd	Lokafundur landshlutateymis 17. maí. Kl.10
Verkefnastjórar	Eftirfylgd Fundargerðir frá fagfundum.	Eftirfylgd Fundargerð stöðufundar	Eftirfylgd Fundargerðir frá fagfundum	Eftirfylgd Fundargerð frá lokafundi.
	Undirbúa stöðufund landshlutateymis	Undirbúa fagfundi	Undirbúa erindi fyrir Vorráðsstefnu GRR 29. - 30. apríl.	Skrifa lokaskýrslu

Innleiðing lykilverkefna

Þegar komið var að formlegri innleiðingu lykilverkefna var farið að stytta í lok verkefnisins og sumarleyfi á næsta leiti. Það var því nokkuð ljóst að framgangur við innleiðingu lykilverkefna var að færast á ábyrgð hvers fagteymis og tímaskortur farin að segja til sín.

Fagteymin lögðu áherslu á mikilvægi þess að móta skýra verkferla til að styðja við samþætta og samfellda þjónustu allra þjónustukerfa. Leiðin með **lykilverkefni 1** var að dýpka þverfaglega samræðu innan hvers svæðis og stofnunar með því að formgera betur sameiginlegan samræðuvettvang. Varðandi **lykilverkefni 2** lögðu fagteymin áherslu á mikilvægi þess að endurskilgreina hlutverk og ábyrgð aðila sem mynda stuðningsteymi. Í allri samræðunni kom það skýrt fram að ein helsta hindrun fyrir heildstæðri og samþættri þjónustu mátti rekja til óljósra hlutverka fulltrúa í stuðningsteymum. Unnið var með ákveðin prófmál til að æfa verklag við gerð stuðningsáætlana og til að skilgreina hlutverk fulltrúa.

Fagteymin lögðu ríka áherslu á að að tryggja aðgengi allra í stuðningsteymi að niðurstöðum mats á stuðningsþörf barna (SIS – C) þannig að þær nýtist markvisst til að móta heildrænan stuðning. Til að vinna með **lykilverkefni 3** þá voru fræðslufundir settir á dagskrá á öllum svæðum um hlutverk og ábyrgð tengiliða SIS – C matsins. Í framhaldi var unnið að því að móta verklag sem myndi styðja betur við skólastjórnendur sem gegna þessu hlutverki.



Mynd 17: Framkvæmd og eftirfylgd til að styðja við heildstæða þjónustu og þverfaglega nálgun


Lykilverkefni sett í samhengi við stigskipta farsældarþjónusta

Frá hausti 2021 þróaðist verkefni landshlutateymis í þá átt að ræða og móta verklag innan þeirrar stigskiptingar, sem birtist í lögunum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þannig að þjónustan verði til framtíðar byggð upp frá hinu almenna til hins sértæka (mynd 18).



Mynd 18: Stigskipt farsældarþjónusta

Þrískipt farsældarþjónusta styður vel markmið landshlutateymis um heildstæða þjónustu í takt við stuðningsþarfir á hverjum tíma óháð fötlunargreiningu og innleiðing á lykilverkefnum landshlutateymis í samræmi við nýja löggjöf.




Mynd 19: Samþætting til farsældar

Samþætting til farsældar snýst um að fagfólk í grunnþjónustu hafi skýrt hlutverk í að veita snemmtækan og samþættan stuðning. Allir þjónustuveitendur þurfa að vera meðvitaðir um hlutverk sitt í að styðja við samþættingu þjónustu með markvissri upplýsingagjöf til foreldra og þá sem koma að þjónustu við barn og fjölskyldu. Til að koma í veg fyrir rof í þjónustu þarf verklag við skipan tengiliða og málstjóra að vera skilvirkt og jafnframt nauðsynlegt að skerpa á hlutverkum fulltrúa í stuðningsteymi við gerð stuðningsáætlunar (mynd 19).

Beiðnablað

Fulltrúar fagteyma á Suðurlandi hafa á haustmisseri 2021 unnið að mótun beiðnablaðs um samþættingu þjónustu til að tryggja upplýst samþykki foreldra fyrir samstarfi þjónustukerfana (mynd 20).

Landshlutateymi Suðurlands



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Beiðni um samþættingu þjónustu í samræmi við
lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Trúnaðarmál

Nafn barns:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forráðamaður A:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forráðamaður B:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Skóli:		Tilvísandi:	Netfang:	Sími:

Beiðni um tilnefningu **tengiliðs** í grunnþjónustu sem skipuleggur og fylgir eftir samþættingu þjónustu á **fyrsta stigi** með öflun **upplýsinga um aðstæður barns** frá **þjónustuveitendum** og **almennri þjónustu** í þágu farsældar barns í samvinnu við sérfræðinga skóla- og félagsþjónustu.

Beiðni um tilnefningu **málstjóra** frá félagsþjónustu sem leiðir samþættingu þjónustu á **öðru stigi** með því að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, bera ábyrgð á gerð **stuðningsáætlunar**, leiða **stuðningsteymi** og fylgja því eftir að þjónusta sé í samræmi við stuðningsáætlun í samvinnu við **tengilið**.

Beiðni um tilnefningu **málstjóra** frá félagsþjónustu sem leiðir samþættingu þjónustu á **þriðja stigi** með því að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, bera ábyrgð á gerð **stuðningsáætlunar**, leiða **stuðningsteymi** og fylgja því eftir að þjónusta sé í samræmi við stuðningsáætlun, í samvinnu við **tengilið**.

Forráðamaður samþykkir vinnslu persónuupplýsinga í beiðni þessari og að málefni barnsins og fjölskyldu þess verði tekin fyrir hjá fjölskyldusviði Árborgar. Jafnframt er forráðamönnum kunnugt að samkvæmt ákvæðum laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er vinnsla upplýsinga um aðstæður barns heimili á grundvelli laganna og nánari reglur þar um sem Barna- og fjölskyldustofa setur.


Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Mynd 20: Beiðnablað um samþættingu þjónustu

Prófmál og verklag

Prófmálin hafa verið útvíkkuð og nýtt í þeim tilgangi að æfa verklag við að meta þörf fyrir samþættingu þjónustu og ákvarða hvaða fulltrúar þjónustukerfanna komi að þeirri vinnu og hvernig (mynd 21).

Verklag við að meta þörf fyrir samþættingu þjónustu



Mynd 21: Verklag við að meta þörf fyrir samþættingu þjónustu

Prófmálin á að nýta á næstu vikum til að æfa verkferla við afgreiðslu á beiðni um samþættingu þjónustu (mynd 22).


Afgreiðsla á beiðni um samþættingu þjónustu



Mynd 22: Afgreiðsla á beiðni um samþættingu þjónustu

Verkferlar í tengslum við tilvísanir í greiningarferli og þegar niðurstöður greininga berast frá Greiningar- og ráðgjafarstöð verða mótaðir og æfðir (mynd 23) í samvinnu við GRR.


Verkferlar þegar tilvísun er samþykkt á GRR og þegar niðurstöður greininga koma frá GRR



Mynd 23: Verkferlar þegar tilvísun er samþykkt á GRR og þegar niðurstöður greininga koma frá GRR

Prófmálin verða jafnframt nýtt til að þróa verkaskiptingu á milli tengiliða og málstjóra almennt en einnig þegar barnavernd er inn í málum eða kemur inn í mál (mynd 24). Áfram verða prófmálin nýtt til að innleiða skilvirkt verklag við gerð stuðningsáætlana.

Verkaskipting á milli tengiliða og málstjóra Verklag við gerð stuðningsáætlana



Mynd 24: Verkaskipting á milli tengiliða og málstjóra

4. Afrakstur

Afrakstur samstarfsins um landshlutateymi er fyrst og fremst samráðsvettvangurinn sem hefur sannað gildi sitt í að styðja við þekkingaruppbyggingu á svæðinu. Forgangsatíði í starfi landshlutateymis hefur verið að styðja við heildstæða stuðningsþjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur. Fagteymin hafa unnið að því að rýna í starfshætti og móta verklag og boðleiðir á sínum svæðum og starfsstöðvum. Fulltrúateymið hefur unnið að því að móta sameiginlega sýn um þverfaglega nálgun með því að rýna í kerfið á dýptina og greina hindranir. Hlutverk okkar verkefnastjóra hefur verið að móta sýn og vegvísa, styðja við hlutdeild fagteyma, leiðsögn og eftirfylgd við framkvæmd samnings á hverju svæði og stofnun.

Við teljum að landshlutateymið sem samráðsvettvangur hafi stuðlað að kerfisumbótum. Þegar horft er til markmiða um samvinnu og samráð þá er ljóst að vettvangurinn fyrir þverfaglegt samtal hefur gefið betri yfirsýn yfir þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur á svæðinu og eflt tengsl fagfólks þvert á kerfi. Samtalið hefur aukið þekkingu fulltrúa á ólíku lagaumhverfi sem stýrir starfi stofnanna og þjónustukerfa sveitarfélaga og ríkisins. Samvinnan hefur veitt innsýn og aukið skilning þátttakenda á því hversu mikil áhrif stjórnsýsluformið á hverju þjónustusvæði hefur á starfsaðstæður og möguleika til þverfaglegs samstarfs. Markmið um að efla eftirfylgd mála með aukinni faglegri ráðgjöf og leiðsögn á vettvangi hefur leitt í ljós hindranir sem hægt er að fjarlægja. Þannig mætti skoða hlutverk GRR hvað varðar eftirfylgd og ráðgjöf betur í ljósi breyttra laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð sem taka gildi 1. janúar 2022. Markmið um virka forgangsröðun tilvísana til GRR hefur sýnt fram á að greining og fötlunarflokkar eru að stýra aðgengi barna að ákveðinni stuðningsþjónustu sem hvetur til greininga. Landshlutateymið sem samráðsvettvangur hefur sannað gildið sitt í að byggja upp þekkingu og þróa þjónustulausnir. Markmið um að efla þekkingaruppbyggingu í nærsamfélagi hefur dregið fram möguleika á að nota niðurstöður SIS – C til að móta þjónustu í takt við stuðningsþarfir um leið og kallað er eftir faglegri leiðsögn á vettvangi við aðlögun. Markmið um að þróa fræðslu og ráðgjöf hefur sýnt fram á þörf fyrir leiðsögn við að innleiða þverfaglegt verklag við gerð stuðningsáætlana. Markmið um nýsköpun í úrræðum hefur leitt í ljós gildi starfstengdrar leiðsagnar með fjar- og tæknilausnum sem hefur stutt hefur vel við þekkingaruppbyggingu í þverfaglegri samvinnu.

Sýn fagteyma

Árborg	Samantekt fagteymis í apríl 2021
Hver er ávinningur af starfi landshlutateymis Suðurlands?	
Skýrara verklag, samþættari þjónusta og hlutverk orðin skýrari. Fræðsla s.s. um notkun SIS mats hefur stutt við verkefnið og skapað sameiginlega sýn hjá starfsfólki sveitarfélagsins. Lögð áhersla á að verklagið eigi við allar deildir og öll mál fjölskyldusviðs. Ávinningurinn er einnig samlegðaráhrif við stefnubreytingu fjölskyldusviðs Árborgar. Einnig aukið samtal á milli þjónustuvæða Suðurlands í gegnum verkefnið þar sem tækifæri er til samtals og þverfaglegar ígrundunar með aðkomu GRR og annara sveitarfélaga.	
Hver er þörfin fyrir eftirfylgd og áframhaldandi stuðning við að ná markmiðum um heildstæða þjónustu og þverfaglega nálgun í heimabyggð? Við innleiðingu þverfaglegs samráðsvettvangs þvert á þjónustukerfi?	
Við teljum að GRR þurfi að skýra hlutverk sitt betur og samræma verklag þvert á GRR. Meðal annars þarf að skýra hver er tengiliður innan sviða. Verkefnið er orðið hluti af starfi fjölskyldusviðs, en það þarf að skapa rými og mannauð til að fylgja þessu eftir. Auka þarf vægi ráðgjafahlutverks GRR til þess að markmiðum verkefnisins verði náð og þjónustunotandinn upplifi samfellda þjónustu og að kerfið sé að styðja hvort við annað. Samráð verður að vera á milli GRR og sveitarfélagsins til að verkefnið geti orðið að veruleika sem óslitinn verkferill.	
Við að innleiða þverfaglegt verklag út frá skilgreindum hlutverkum og ábyrgð?	
Fræðsla til skólanna og fjölskyldusviðs er búinn að eiga sér stað og eru stofnanir sveitarfélagsins jákvæðar gagnvart verkefninu og innleiðingu þess. Okkur þykir ljóst að til þess að verkefnið geti orðið að veruleika og haldið áfram að þróast þurfi starfsmann á fjölskyldusvið til að leiða og styðja við starfsfólk þvert á stofnanir og deildir sveitarfélagsins.	
Við að innleiða verklags og þjónustulausna í takt við metna stuðningsþörf?	
Fjölskyldusvið sveitarfélagsins er að þróa reglur og matsviðtal um stoð- og stuðningsþjónustu til að veita þjónustu út frá þörf en ekki fyrirbyggjandi greiningum. Áskoranir innan sveitarfélagsins eru að þróa úrræði og fá aukin stöðugildi til að vinna eftir bættu verklagi sem mun skila sér í hagkvæmari þjónustu til lengri tíma litið.	

Landshlutateymi Suðurlands

Árnesþing	Samantekt fagteymis í apríl 2021
Almennt	Við fulltrúar verkefnisins í Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings hófum strax að vinna við verkefnið. Við ákváðum að byrja að horfa inná við þar sem verkefnið samræmist þróunarverkefni Skóla- og velferðarþjónustu sem byggir á því að efla og auðvelda þverfaglegt samráð innan þjónustunnar og auka upplýsingar um verkefni hvers sérfræðihóps.
Lykil- verkefni 1	<p><i>Mótun verkferla til að styðja við samþætta og samfellda þjónustu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Verkefnið hefur skerpt enn frekar á skráningum hjá okkur innan skóla- og velferðarþjónustu. • Aukin þekking á farsældarfrumvarpi.
Lykil- verkefni 2	<p><i>Skilgreina hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu fulltrúa í stuðningsteymi við gerð stuðningsáætlana.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Hlutverk málstjóra er skýrara en áður. • Hlutverk tengiliða í leik- og grunnskólum er skýrara.
Lykil- verkefni 3	<p><i>Mótun þjónustu í takt við stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • SIS matið hefur verið kynnt og fleiri þekkja tilgangi þess. • Næsta skref: að Skóla- og velferðarþjónusta fái aðgang að SIS – C mats gátt í skólum í Árnesþingi.
Samantekt	<p>Þegar við horfum á þörfina fyrir <u>áframhaldandi stuðning við að ná markmiðum um heildstæða þjónustu og þverfaglega nálgun í heimabyggð</u> þá teljum við að gott væri að allir leik- og grunnskólar fari í gegnum eitt prófmál til að læra af og sjá þannig tilgang og árangur í máli barns/fjölskyldu og í eigin starfsumhverfi.</p> <p><u>Sameiginleg fræðsla heim í hérað</u> er einn hluti verkefnis sem við höfum mikinn á huga á að þróa áfram. Með samvinnu sérfræðinga GRR, HSU, sérfræðiþjónusta á Suðurlandi og fagfólks innan skólanna má efla fræðslu til foreldra og fagfólks í héraði. Þannig er foreldrum og öðrum auðveldað að sækja sér fræðslu, um leið og við stuðlum að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu í nærsamfélagi sem byggir á gagnreyndum aðferðum sem henta fyrir börn með fatlanir.</p> <p><u>Við innleiðingu þverfaglegs samráðsvettvangs þvert á þjónustukerfi</u></p> <p>Samstarf með HSU er þökkalegt en þarf vissulega að brýna betur. Varðandi þverfaglegt samstarf milli GRR og skóla- og velferðarþjónustu þá þarf að gera það auðveldara. Meðal annars þurfa ráðgjafar að vera í góðu samstarfi og vera í meiri samvinnu þegar kemur að íhlutun í leik- eða grunnskóla.</p> <p><u>Nýsköpun í úrræðum með áherslu á fjar- og tæknilausnir.</u> Slík vinna hefur heldur betur aukist á þessu ári og má segja að Covid ástandið hafi þar unnið með okkur. Þverfaglegt samstarf og fundir fara nú að lang mestu leyti fram í gegnum netið og eru því mun auðveldari í framkvæmd sem sparar mikinn tíma. Foreldrar sem og aðrir eru nú óhræddir við að taka þátt í slíkum fundum og samtölum.</p> <p>Umræðan í Landshlutateymi hefur opnað augu okkar enn betur fyrir því hvernig kerfið sem við vinnum í virkar og hverjar helstu hindranir eru. Samtalið í verkefninu hefur verið fullt af áskorunum og vangaveltum um hvernig við getum unnið enn betur saman til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þeirra og góður vettvangur til að skoða þverfaglega samvinnu.</p> <p>Við bindum miklar vonir við að farsældarfrumvarp barnamálaráðherra auðveldi þverfaglega samvinnu og auki skilning á mikilvægi hennar.</p> <p>Markmið sem sett voru í samningnum um landshlutateymi eru metnaðarfull. Við teljum að verkefni sem þetta þurfi mun lengri tíma í vinnslu og vonum að fjármagn fái til áframhaldandi vinnu við verkefnið.</p> <p>Vonandi fáum við að vinna áfram saman í verkefni um Landshlutateymi við að þróa og móta verkferla til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur í Árnesþingi.</p>

Landshlutateymi Suðurlands

RVS	Samantekt fagteymis í janúar/apríl 2021
	<p>Klár ávinningur af þverfaglegri þjónustu við einstakling og teljum að foreldrar njóti góðs af henni líka. Að léttu byrðum af herðum foreldra, t.d. þegar þörf er á samræmingu kerfa og þegar þjónusta er nú þegar veitt af mörgum stoðþjónustum, “hver í sínu horni”. Það er vilji hjá Skólaþjónustunni til þess að vera í þverfaglegu samráði. Félagsþjónustan er við stýrið; hún er málstjóri í þverfaglegum teyimum um fötluð börn. Skólaþjónustan þarf að hafa skýrt hlutverk og faglega ábyrgð.</p>
<p>Lykilverkefni 1</p>	<p><i>Mótun verkferla til að styðja við samþætta og samfellda þjónustu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Hönnun innritunarblaðs í leik- og grunnskóla • Upplýsingar um staðfestar greiningar • Gátt fyrir greiningargögn sem vistuð eru beint í skjalakerfi • Tengingar milli fulltrúa skóla, skóla- og félagsþj. • Hindrun í leikskóla: Komið verði á samráðsvettvangi sbr. reglugerð. Nauðsyn þess hefur verið rædd innan Skþ. • Fræðsluþörf: Skþ komi að mótun eigin hlutverks og verklagi. Skerpa á tilgangi Nemendaverndarráðsfunda.
<p>Lykilverkefni 2</p>	<p><i>Skilgreina hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu fulltrúa í stuðningsteymi við gerð stuðningsáætlana.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Styðja við innleiðingu verklags • Gerð stuðningsáætlana þróa sniðmát • Aðlögun náms og dagl. lífs og val á forgangsatríðum • Verkefni og ábyrgð • Prófmál • Hindrun: Skóli og forráðamenn (eða aðrar stoðþjónustur) leiti ekki eða hafni faglegri ráðgjöf sem Skþ. getur veitt. Í leikskóla: Stuðningsáætlanir ekki verið á dagskrá á skólastiginu. • Fræðsluþörf: Skólaþjónusta fái kynningu á verklagi teymis- og málstjóra. Hvað er átt við með leiðsögn og ráðgjöf til þjónustuteyma? Skólar, foreldrar (og aðrar stoðþjónustur) fái kynningu á hlutverki og starfsemi Skólaþjónustu.
<p>Lykilverkefni 3</p>	<p><i>Mótun þjónustu í takt við stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Styðja við innleiðingu verklags • Meðferð niðurstaðna og miðlun á milli kerfa • Fræðsla um lykilhugtök • Nýta niðurstöður sem rök fyrir forgangsröðun í aðlögun og þjónustu • Prófmál • Hindrun: Skþ hefur litlar forsendur til að meta aðkomu sína þar sem þekking á SIS-C er engin. Ekki hægt að segja fyrir um aðkomu fyrir en þetta er ljóst.
<p>Tilraunverkefni um nemendaverndarráð á leikskólastiginu er afurð samræðunnar um mikilvægi þess að koma á þverfaglegum samráðsvettvangi allra stoðkerfanna þar með talið Hsu. Það liggur mikill styrkleiki í því að fulltrúar heilsugæslu komi að þverfaglegri nálgun við fjölskyldur. Þarf að vita hvernig GRR fylgir málum hingað inn á okkar þjónustusvæði. Það þarf að vera skýrt hvernig GRR styður við mál sem fara inn í stuðningsáætlanir. Skilgreina þeirra hlutverk inn í stuðningsáætlun út frá þörf í sérhverju máli. Hver fær GRR að máli og hvenær? Stuðningur meðan beðið er þjónustu GRR? Samstarf tengiliða og málstjóra við fulltrúa GRR í teymi. Hlutverk verkefnastjóra og þverfaglegs ráðgjafa?</p>	

Landshlutateymi Suðurlands

GRR	Samantekt fagteymis í apríl 2021
	<p>Fulltrúar GRR hafa fengið betri innsýn og skilning á hvernig þjónustukerfin virka á Suðurlandi. Samskiptin á milli fulltrúa í teyminu hafa verið góð og hreinskiptin. Í samtalinu hefur sú skoðun verið viðruð að sveitarfélögin taki að sér og beri ábyrgð á að boða til skilafunda í heimabyggð með þjónustuaðilum og GRR að lokinni greiningu. Skilaboðin þurfa að vera skýr og hlutverk og ábyrgð teymis- og málstjóra á hreinu.</p> <p>Fulltrúar ítreka mikilvægi þess að þjónustuaðilar frá sveitarfélögum hiki ekki við að hafa samband við GRR þegar vafaatriði koma upp í tengslum við barn og fjölskyldu varðandi greiningu, ráðgjöf og íhlutun. Hvetja fulltrúar til þess að sveitarfélögin hafi samband til að leita ráða. Samvinna landshlutateymis hefur ýtt undir þetta og telja þær að það ætti að verða einfaldara að taka upp mál með GRR og eiga m.a. samtal um hvaða þjónustu sveitarfélagið geti boðið upp á og samvinnu í kringum það. Fulltrúar sjá að það geti verið ruglingslegt fyrir sveitarfélög hversu mismunandi þjónustan er eftir því hvaða sviði á GRR barnið tilheyrir og eru meðvituð um ósk sveitarfélaga um aukna ráðgjöf frá eldri barna sviði og að kallað sé eftir auknu samræmdu verklagi á milli yngra- og eldri barna sviðs. Einnig að verklagið sé skýrt og að sveitarfélögin viti hvert hlutverk fulltrúa GRR er. Mikilvægt er að vinna með samræmda þjónustuáætlun og einnig ríkir bjartsýni um að SIS-C matið verði sýnilegra innan GRR.</p>
	<p>Hver er ávinningur af starfi landshlutateymis Suðurlands?</p> <p>Meiri innsýni í kerfið á Suðurlandi og við skiljum aðeins betur hvernig það virkar. Samskiptin hafa verið góð og hreinskiptin og gott að spegla sýn okkar á veruleika annarra. Bjartsýni á að SIS verði sýnilegri eða aðgengilegri hluti vinnunnar á GRR með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.</p>
	<p>Hver er þörfin fyrir eftirfylgd og áframhaldandi stuðning við að ná markmiðum um heildstæða þjónustu og þverfaglega nálgun í heimabyggð?</p> <p>Við innleiðingu þverfaglegs samráðsvettvangs þvert á þjónustukerfi?</p> <p>Fínir verkferlar að sveitarfélag boði á þjónustufundi.</p>
	<p>Við að innleiða þverfaglegt verklag út frá skilgreindum hlutverkum og ábyrgð?</p> <p>Allir brýni mikilvægi samtalsins og oft hægt að leysa mál með samtalinu. Aukin þörf fyrir ráðgjöf frá Greiningar- og ráðgjafarstöð skýr.</p>
	<p>Við að innleiða verklags og þjónustulausna í takt við metna stuðningsþörf?</p> <p>Vinna með samræmda þjónustuáætlun.</p>

Landshlutateymi Suðurlands

HSu	Samantekt fagteymis í apríl 2021
Hver er ávinningur af starfi landshlutateymis Suðurlands?	
Frá mínu sjónarhorni hefur ávinningur af landshlutateymi verið góð kynning af starfsemi þeirra sem koma að þjónustu við fötluð börn. Það hefur gefið færi á samtali og miðlun upplýsinga sem vonandi mun skila börnum og fjölskyldum þeirra skilvirkari þjónustu. Upp hafa komið spurningar, góðar umræður og ábendingar um hluti sem betur mega fara. Gerðar hafa verið endurbætur á verklagi innan Hsu.	
Hver er þörfin fyrir eftirfylgd og áframhaldandi stuðning við að ná markmiðum um heildstæða þjónustu og þverfaglega nálgun í heimabyggð? Við innleiðingu þverfaglegs samráðsvettvangs þvert á þjónustukerfi?	
Ég tel að það væri gagnlegt að fá stuðning við samstarfsvettvang fyrst um sinn meðan verið er að samræma verklag. Persónuverndarlöggjöfin hefur mikil áhrif á hversu mikið HSU getur deilt á fundum. Mikil viðurlög liggja við að brjota lögin og því getur starfsfólk Hsu stundum verið tregt til að taka þátt í slíkum fundum.	
Við að innleiða þverfaglegt verklag út frá skilgreindum hlutverkum og ábyrgð?	
Það væri gagnlegt að fá stuðning og ráðgjöf varðandi nýtt verklag og við að fylgja eftir hvernig þau nýtast í raun. Mikilvægt er að hugsa heildrænt og hverjar þarfir barnanna eru frekar en að horfa á greiningar. Hvað varðar hlutverk sálfræðinga á Hsu þá hefur þessi heildræna hugsun haft áhrif á þjónustuna á þá leið að í staðin fyrir að vísa máli annað eða frá að þá sé opnað á möguleika á að vera hluti af teyminu hjá skólum/sveitarfélaginu. Skólahjúkrunarfræðingar gegna mikilvægu hlutverki með þátttöku í nemendaverndarráðum en samræma þarf verklag á milli sveitarfélaga og heilsugæslna á svæðinu. Tekið hefur veirð upp verklag í ung- og barnaeftirliti þar sem gerð er krafa á teymisvinnu á milli fagaðila innan heilsugæslunnar. Fulltrúar frá ungbarnaeftirliti eru einni í auknum mæli að taka þátt í samstarfi með skóla- og félagsþjónustu í tengslum við leikskólabörn. Samræma þarf verklag og aðgengi að fulltrúum Hsu til slíkrar samvinnu.	
Við að innleiða verklags og þjónustulausna í takt við metna stuðningsþörf?	
Oft koma upp hindranir þegar verið er að innleiða nýtt verklag og skipta verkum og þar væri eflaust gott að fá hlutlaust mat. Svigrúm til þverfaglegrar samvinnu er af skornum skammti hjá starfsfólki Hsu. Margir hafa nefnd erfiðleika við að innleiða SIS mat t.d.	


5. Niðurstöður

Hægt er að draga þá ályktun að landshlutateymi sem samráðsvettvangur hafi mætt þörf fyrir eftirfylgd og stuðning við innleiðingu nýrra starfshátta. Þörfin fyrir áframhaldandi eftirfylgd og stuðning gagnvart lykilverkefnunum er hægt að tengja beint við innleiðingu nýrra starfshátta í tengslum við ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Markviss ígrundunarsamtöl voru nýtt til að fulltrúar í landshlutateyminu myndu öðlast sameiginlegan skilning á því hvernig hægt væri að vinna þvert á þjónustukerfi og hvernig ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gætu stutt við samvinnu þjónustukerfa. Hluti af þeirri vinnu var að rýna í ólíka hugtakanotkun í gildandi lögum og reglugerðum þar sem ákvæði er um þverfaglega teymisvinnu með fjölskyldum fatlaðra barna og samræma í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að skoða öll stig þjónustunnar, rýna í verklag þannig að hægt væri að gera umbætur. Allar stofnanir og þjónustukerfi sem tóku þátt í landshlutateymisvinnunni fengu það hlutverk að horfa inn á við, með því að fara á dýptina og greina þau hugmyndakerfi sem ráða ríkjum og stjórná verklagi og hugmyndum. Slík vinna er krefjandi og ljóst að fagteymin áttu misauðvelt með að tileinka sér þetta verklag og nýta til umbótavinnu á sínum vinnustað.


Þar hafði töluverð áhrif hversu ólíkur veruleiki þjónustukerfa sem um ræðir er og að fagfólkið sem starfar innan hvers kerfis les með misjöfnum hætti í þann veruleika sem við okkur blasir, eftir faglegum bakgrunni og hlutverkum í kerfinu (mynd 25).



Mynd 25: Samþætt og heildræn nálgun

Þverfagleg teymisvinna snýst um að sameina þessa veruleika og skapa sameiginlega sýn og skilning til farsældar fyrir barn og fjölskyldu. Ný lög um samþættingu þjónustu gefa skýrt umboð, þegar beiðni um samþættingu þjónustu liggur fyrir, til að fulltrúar í stuðningsteymi geti miðlað upplýsingum sín á milli í þeim tilgangi að veita samþætta og heildræna þjónustu.

Til að stuðla að samþættri farsældar þjónustu við fötluð börn þá þurfa þjónustukerfin að vinna saman að lausnum og fjarlægja hindranir. Tryggja þarf gott aðgengi að faglegri leiðsögn sem styður við vísýni og byggir upp traust. Þannig er hægt að móta þjónustu sem er í takt við stuðningsþörf á hverjum tíma (mynd 26).



Mynd 26: Samþætt farsældarþjónusta

Heimildaskrá

Barnaverndarlög nr.80/með síðari breytingum

Cowan, D., Joyner, S., & Beckwith, S. (2012). *Introduction to systemic improvement*. Í Getting serious about the system, bls 1 –20. California: Corwin.

European Agency for Special Needs and Inclusive Education. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi*. Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Odense/Brussels: European Agency for Special Needs and Inclusive Education.

Gestur Guðmundsson. (2008). Félagsfræði menntunar. *Viðhald félagslegrar mismununar í menntakerfi og menningu- Kenningar Pierres Bourdieus*. bls. 69 – 107. Skrudda

Goodley,D.(2011). *Disability studies: An interdisciplinary Introduction*. Los Angeles ofl.SAGE

Hermína Gunnþórsdóttir. (2010). *Kennarinn í skóla án aðgreiningar. Áhrifavaldar á hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2018

Lög um Greiningar og ráðgjafarstöð nr. 83/2003 með síðari breytingum

Lög um grunnskóla nr. 91/2018

Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Lög um leikskóla nr. 90/2018

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Radcliffe, S. (2012). *Leadership plain and simple*. Bretland: Pearson Education Limited.

Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi. Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun, hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. (7–33).

Reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010, breytt með reglugerð nr. 986/2010.

Robinson, K(2015). *Creative Schools: The grassroots revolution that's transforming*. New York: Penguin Books.

Sameinuðu þjóðirnar. (2007). *Samningur Sameinuð þjóðanna um réttindi fólks með fötlun*. Stjórnarráðið, íslensk þýð. Sótt af:

<https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

Senge, P. (1990). *The Fifth Discipline Fieldbook: Strategies and Tools for Building a Learning Organization*. London: Random House.

Senge, P. ofl. (2008). *The necessary revolution: Working together to create a sustainable world*. Broadway Books. New York.

Ítarefni:

Aðgerð 3.2 í skýrslu starfshóps um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi (okt. 2019).

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38659/Starfshopur%20um%20georækt%20i%20skolum_skyrsla.LOKA.pdf

Tillaga 6.2 í skýrslu Menntamálaráðuneytisins um Menntun til framtíðar (janúar 2020).

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d66c7dfd-392d-11ea-9451-005056bc530c>